

MÁLÞING UM HANDRITIN

AFHENDINGU íslenskra handrita frá Danmörku lýkur formlega við setningu dansks-íslensks málþings um handrit í hátíðarsal Háskóla Íslands fimmtudaginn 19. júní nk. kl. 9.30. Þá mun Kjeld Møllgård, rektor Kaupmannahafnarháskóla, sem jafnframt er formaður Árnaneftndar (Den arnamagnæanske Kommission), afhenda Sveinbirni Björnssyni, rektor Háskóla Íslands, tvö síðustu handritin sem hingað eiga að koma, en háskóla rektor er formaður stjórnarneftndar Stofnunar Árna Magnússonar á Íslandi.

Pau tvö handrit sem nú verða afhent eru AM 237 a fol., tvö varðveitt blöð úr prédikanasafni, skrifuð á 12. öld og e.t.v. það elsta sem til er skrifað á íslensku, og AM 227 fol., annað aðalhandrit Stjórnar, þýðinga úr Gamla testamentinu með skýringum; þetta handrit er frá miðbiki 14. aldar og hefur að geyma fegurri lýsingar en flest önnur handrit íslensk.

Þessi tvö handrit verða sýnd aukalega dagana 19.-29. júní á þeirri hátíðarsýningu handrita sem nú er í Árnagarði og verður opin daglega kl. 13-17 til ágústloka.

Sáttmálasjóður, sem var stofnaður við

gerð dansk-íslenska sambandslagasáttmálans 1918, hefur veitt Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi styrk til að bjóða hingað til lands fólki frá Danmörku til málþings um handrit 19. og 20. júní og til ferðar um skrifaralóðir 21. júní.

Þetta er fólk sem í starfi sínu hefur tengst íslenskum handritum í Kaupmannahöfn með einhverjum hætti, í varðveislu, rannsóknum, ljósmyndun, viðgerðum og stjórnsýslu. Þarna verður starfsfólk Árnastofnunar í Höfn (Det arnamagnæanske Institut) og forníslensku orðabókarinnar (Ordbog over det norrøne prosasprog), sem nú er byrjuð að koma út, nokkrir starfsmenn Konungsbókhöfðu og þeir sem eiga sæti í Árnaneftnd (Den arnamagnæanske Kommission). Gestirnir frá Danmörku verða 44 alls.

Á málþinginu, sem fer fram í hátíðarsal Háskóla Íslands fimmtudaginn 19. júní kl. 9.30 til 15.25 og föstudaginn 20. júní kl. 9 til 15.40, verður fjallað um handrit frá ýmsum sjónarhornum, m.a. uppruna og feril einstakra handrita, skrásetningu handrita og áform um stafræna myndatöku þeirra og miðlun.

OPIN SÝNING Í NÝLISTA-SAFNINU

„SÝNING. Þegar þú lest þetta eða þú heyrir einhvern tala um þessa sýningu er þér um leið boðið að sýna í Nýlistasafninu frá 14. til 29. júní 1997....“ Með þessum formála ákvað stjórn Nýlistasafnsins að bjóða til opinna sýningar sem hefist laugardaginn 14. júní kl. 16.

Öllum er boðið að sýna meðan húsrúm leyfir. Sýnendur velja sér sjálfir staðsetningu fyrir verk sín og sjá um uppsetningu og frágang að sýningu lokinni. Ekki verður ljóst fyrr en á opnun hverjir taka þátt. Sýningin er í öllum söllum safnsins nema í setustofunni á annarri hæð.

Ásgerður Búadóttir gestur safnsins

Gestur safnsins í setustofu úr röðum Félags íslenskra myndlistarmanna er Ásgerður Búadóttir.

Ásgerður hefur sagt um myndlist sína, að efnið sé ekki aðalatriðið heldur hvernig það er notað til túlkunar hugmynda til myndsköpunar.

Ullin er fyrir henni það efni og sá miðill sem olíulitir eru máláranum og steinninn myndhöggvaranum. Hugmyndir og áhrif fellir hún að eðli vefsins á óhlutbundinn hátt, segir í kynningu.

Sýningarnar eru opnar daglega nema mánudaga frá kl. 14.-18. Lokað verður þjóðhátíðardaginn 17. júní.

SEX STYRKIR TIL HANDRITSGERÐAR


KVIKMYNDASJÓÐUR Íslands hefur veitt sex handritshöfundum styrki til að vinna frekar að handritum sínum.

Við árlega úthlutun í janúar sl. hlutu tíu höfundar styrki og skiluðu allir verki sínu í síðasta mánuði. Nú hefur úthlutunarnefnd Kvikmyndasjóðs valið sex þeirra, sem halda áfram í verkefninu, en hinir heltast úr lestinni. Höfundarnir sex eru, ásamt nöfnum handritanna: Baltasar Kormákur, Sym Bi Osa, 101 Reykjavík; Hrönn Kristinsdóttir, Besti dagurinn; Jóakim Hlynur Reynisson, Í álögum; Júlíus Sigurjónsson, Ljótir leikir; Mikael Torfason, Svartir sauðir og Ragnar Bragason, Fláskó.

Hver styrkur 600 þúsund

Hver höfundur hlýtur styrk að upphæð 600.000 kr., en Norræni sjóðurinn greiðir helming allra handritsstyrkja til móts við Kvikmyndasjóð Íslands.

Úthlutunarnefnd er skipuð sem fyrr Bjarna Jónssyni, Laufeyju Guðjónsdóttur og Markúsi Erni Antonsyni. Handritin sex verða þróuð enn frekar, og höfundarnir skila inn nýrri útgáfu í lok ágúst og hljóta þá þrír þeirra lokastyrki, segir í kynningu.



EIN af myndunum á sýningunni í Norræna húsinu.

Morgunblaðið/Jim Smart

MYNDLÝSINGAR Í ÍSLENSKUM FORNRIÞAÚTGÁFUM

SÝNINGIN Sögn í sjón – myndlýsingar í íslenskum fornritaútgáfum á 20. öld verður opnuð í sýningarsölum Norræna hússins í dag, laugardag. kl. 15. Sýningin er sú þriðja í röðinni sem opnuð er undir samheitinu Sögn í sjón, og er hún samstarfsverkefni Listasafns Íslands, Norræna hússins og Stofnunar Árna Magnússonar á Íslandi.

Í Norræna húsinu verða til sýnis myndlýsingar í íslenskum fornritaútgáfum sem íslenskir myndlistarmenn hafa unnið og birst hafa á prenti í ýmsum útgáfum. Júlíana Gottskálksdóttir listfræðingur hefur safnað myndunum saman og sér um uppsetningu sýningarinnar.

Danski listamaðurinn Lars Munte sýnir ný graffikverk sem hann hefur gert í tilefni af því að nú er að ljúka afhendingu síðustu handritanna til Stofnunar Árna Magnússonar á Íslandi. Hann sækir myndefnið til handritanna og leitast við að gefa þeim nýja myndræna tjáningu með ætingu í kopar og sink og öðrum aðferðum.

Júlíana Gottskálksdóttir skrifar ítarlega grein í sýningarskrá um myndlýsingar listamannanna fyrir útgáfu íslenskra fornsagna og fornkvæða á þessari öld. Hlutur þeirra er lítt kannaður, ef frá eru taldir fáeinir ritgerðir um myndlýsingar barnabóka.

Í grein Júlíönu kemur fram að Ragnar

Jónsson í Smára hefur sennilega átt mestan þátt í að hefja myndlýsingar til vega í bókaútgáfu hér á landi. Árið 1941 gaf hann út Laxdælu og Hrafnkötlu með nútímastafsetningu í umsjá Halldórs Laxness. Gunnlaugur Scheving listmálari gerði myndlýsingar. Í kjölfarið fylgdu Brennu-Njáls saga (1945) og Grettissaga (1946) með myndlýsingum eftir Scheving, Þorvald Skúlason og Snorra Arinbjarnar. Árið 1946 kom út hjá bókaútgáfunni Hlaðbúð Fornir dansar í umsjá Ólafs Briems með teikningum eftir Jóhann Briem listmálara. Hann gerði einnig teikningar við Eddukvæði, sem komu út 1985. Nokkrar þessara mynda verða sýndar í Norræna húsinu og auk þess eru teikningar eftir Hring Jóhannesson, Eirík Smith, Þorbjörgu Höskuldsdóttur, Guðrínu Svövu, Einar Hákonarson og Tryggva Ólafsson.

Haraldur Guðbergsson teiknari gerði myndir við Þrymskvíðu og Baldursdraum, sem komu út hjá Máli og menningu 1980. Haraldur hefur að undanfögnu útfært teikningarnar í tölvu og lítsett með mismunandi tónbrigðum. Verða þessar myndir Haralds sýndar í tölvu á sýningunni.

Sýningin í Norræna húsinu verður opin daglega kl. 13-19 og henni lýkur sunnudaginn 6. júlí.

MENNING LISTIR

Í NÆSTU VIKU

MYNDLIST

Þjóðminjasafn Íslands

Sýningin Kirkja og kirkjuskurð, miðaldakirkjan í Noregi og á Íslandi.

Listasafn Íslands

Sögn í sjón; sýning á verkum sem byggð eru á íslenskum fornritum.

Ásmundarsafn – Sigtúni

Yfirlitssýning á verkum Ásmundar Sveinssonar Árbæjarsafn

Í sumar verða sýndar ljósmyndir frá Reykjavík, ásamt ljóðum skálda.

Listasafn ASÍ – Ásmundarsalur, Freyjugötu 41

Sigríður Sigurjónsdóttir, Takashi Homma til 15. júní.

Kjarvalsstaðir – Flókagötu

Íslensk myndlist til 31. ágúst.

Safn Ásgríms Jónssonar – Bergstaðastræti 74

Sýning á úrvali vatnslitamynda eftir Ásgrím.

Norræna húsið – við Hringbraut

Grimur Karlsson skipstjóri: Skipstíðir til 9. júlí.

Nýlistasafnið – Vatnsstíg 3b

Opin sýning í öllum söllum nema í setustofu, þar er gestur safnsins Ásgerður Búadóttir. Til 29. júní.

Gallerí Handverk & Hönnun

Elisabet Thoroddsen sýnir peysur til 26. júní.

Gallerí Hornið

Hildur Waltersdóttir sýnir til 18. júní.

Gallerí Listakot

Nina Kerola sýnir til 14. júní.

Mokka – Skólavörðustíg

Sigurðis Harpa Arnarsdóttir sýnir til 6. júlí.

Gerðarsafn – Hamraborg 4 Kóp.

Ása Ólafsdóttir, Íris Elfa Friðriksdóttir og Sigurbjörn Jónsson sýna til 6. júlí.

Tuttugu fermetrar, Vesturgötu 10

Bjarni Sigurbjörnsson sýnir til 29. júní.

Gallerí Myndáss

Vilmundur Kristjánsson sýnir ljósmyndir til 20. júní.

Hafnarborg – Strandgötu 34 Hf.

Norræn farandsýning; Flóki án takmarka. Í Sverrisal sýnir Björg Pjetursdóttir verk unnin í flóka.

Listasafn Sigurjóns – Laugarnestanga 70

Sumarsýning á völdum verkum Sigurjóns.

Ingólfsstræti 8 – Ingólfsstræti 8

Roni Horn sýnir til 29. júní.

SPRON, Álfabakka 14, Mjódd.

Aðalheiður Valgeirsdóttir sýn. til 8. ágúst.

Byggðasafn Hafnarfjarðar

Undir Hamrinu – Af lífi hafnfirskrar alþýðu til 30. sept.

TÓNLIST

Laugardagur 14. júní.

St. Jacobs Gosskör, sænskur drengjakór, heldur tónl. í Grensáskirkju kl. 16.

Serpent málmblásarahópurinn heldur tónl. í Laugarneskirkju kl. 14.

Sunnudagur 15. júní.

Kristín Heiseth Rustad sópran og Knut Anders Vestad tónskáld og píanól. halda tónl. í Norræna húsinu kl. 20.30.

Mánudagur 16. júní.

Magnea Tómasdóttir, sópran og Gerrit Schuil píanóleikari halda tónl. í Gerðarsafni kl. 20.30.

Þriðjudagur 17. júní.

St. Jacobs Gosskör heldur tónl. í Hallgrímskirkju kl. 17.

Miðvikudagur 18. júní.

St. Jacobs Gosskör heldur tónl. í Skálholtskirkju kl. 14 og í Norræna húsinu kl. 20.

LEIKLIST

Þjóðleikhúsið

Fjölarinn á þakinu lau. 14., sun. 15., fim. 19., fös. 20. júní.

Listaverkið lau. 14., sun. 15., fim. 19., fös. 20. júní.

Borgarleikhúsið

Krókar & kimar, ævintýraferð um leikhúsgeymsluna frá 13-18 alla daga og til kl. 22 sýningardaga.

Íslenska óperan

Evíta frumsýning mánud. 16. júní. Fimm. 19., fös. 20. júní.

Lofthatalinn

Á sama tíma að ári lau. 14. júní.

Hermóður og Háðvör

Að eilífu lau. 14., fös. 20. júní.

Upplýsingar um listviðburði sem óskað er eftir að birtar verði í þessum dálki verða að hafa birst bréflega fyrir kl. 16 á miðvikudögum merktar: Morgunblaðið, Menning/listir, Kringlunni 1, 103 Rvík. Myndsendir: 5691181. Netfang: Andrea@mbl.is.